

# Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 17/2024

**Fundarstaður:** Teams

**Fundartími:** 13. nóvember 2024, kl. 11:00

**Viðstödd:**

*Aðalmenn*

Hlíf Steingrímsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gerður Gröndal, Pétur S Gunnarsson og Ragnar Grímur Bjarnason

*Varamenn*

Eva Ágústsdóttir, Guðríður K Þórðardóttir, Guðrún I Gylfadóttir, Sif Sumarliðadóttir og Signý Vala Sveinsdóttir

*Starfsmenn*

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

**Fjarverandi:** Agnes Smáradóttir, Gylfi Óskarsson og Örvar Gunnarsson

**Gestur:** Guðbjörg Jónsdóttir

## 1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

## 2) Fundargerð nr. 16/2024

Fundargerðin samþykkt

## 3) Sjúkratilfelli

*Umfjöllun ekki birt*

## 4) Umsögn um greiðslupátttöku

*Olaparib (Lynparza) – ný ábending*

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðslupátttöku í nýrri ábendingu fyrir lyfið olaparib (Lynparza) sem ætlað er ásamt abirateroni og prednisoni eða prednisoloni sem meðferð hjá fullorðnum sjúklingum með krabbamein í blöðruhálskirtli með meinvörpum sem svarar ekki hormónahvarfsmeðferð þegar krabbameinslyfjameðferð á ekki við.

Gert er ráð fyrir að 5 sjúklingar hefji meðferð árlega. Ekki er hægt að leggja lyfið klínískt að jöfnu við önnur lyf á þessari ábendingu og því er um kostnaðarauka að ræða.

Greiðslupátttaka hefur verið samþykkt takmörkunum í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

Lagt er til að sambærilegar takmarkanir verði gerðar hér og á hinum Norðurlöndunum, þannig að skilyrði sé að sjúklingur hafi staðfesta BRCA1/2- stökkbreytingu

Bent er að á að staða fjárlagaliðs leyfisskyldra lyfja fyrir næsta ár er þröng og taka þurfi tillit til þess við samþykkt aukinna útgjalda.

*Mælt er með því að greiðsluþátttaka verði samþykkt með ofangreindu skilyrði*

## **5) Önnur mál**

*Fundi slitið kl. 11:29*